

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Mosfellshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu:

1. Umferð um Jónsteig nýtur forgangs fyrir umferð um Víðiteig (stofngötu) (biðskylda).
 2. Umferð um Víðiteig nýtur forgangs fyrir umferð úr götubotnlöngum sömu götu nr. 2—10 og 12—24, þar sem þeir tengjast inn á stofngötu Víðiteigs (biðskylda).
 3. Umferð um Leirutanga nýtur forgangs fyrir umferð úr götubotnlöngum sömu götu nr. 1—9, 2—12, 11—43, og 14—22 þar sem þeir tengjast inn á stofngötu Leirutanga (biðskylda).
 4. Umferð um Álftatanga nýtur forgangs fyrir umferð um Leirutanga (biðskylda).
 5. Umferð um Brekkuland nýtur forgangs fyrir umferð úr Hagalandi, Helgalandi og Hjarðarlandi (biðskylda).
 6. Umferð um Ásland nýtur forgangs fyrir umferð úr götubotnlöngum sömu götu nr. 2—12 og 14—24 þar sem þeir tengjast inn á stofngötu Áslands (biðskylda).
 7. Umferð um Ásland nýtur forgangs fyrir umferð um Bæjarás (biðskylda).
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. febrúar 1987.

Lögreglustjórinn í Kjósarsýslu, 23. janúar 1987.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 513 23. desember 1986, um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

47. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
„Leyfi til skammtímaveiða- og tilraunaveiða ...1 400“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, gildir frá og með 1. janúar 1987.

Fjármálaráðuneytinu, 4. febrúar 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Snorri Olsen.